

Myndmennt 5.bekkur

Með markmiðunum er leitast við að vinna að þeirri hæfni sem nemendur ættu að hafa náð í lok 7. bekkjar en þar segir m.a að nemendur eigi að geta nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun, beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni, fjallað um sín eigin verk og annarra.

Hæfniviðmið

- að njóta og finna sköpunargleði sinni farveg,
- að uppgötva á eigin forsendum og nálgast listsköpun með ýmiss konar efniviði,
- að nýta sér í eigin sköpun aðferðir sem fela í sér að kanna form og liti fyrirmynda,
- að geta unnið með mismunandi útfærslur línunnar, tvöfalda, bogadregna, lárétta, lóðrétta,
- að geta myndað samfelld mynstur,
- að þekkja hugtakið sjónarhorn og geta unnið út frá því á mismunandi vegu
- að geta lýst munnlega grunnþáttum myndlistarinnar á einfaldan hátt og tekið þátt í að rýna í verk annarra m.a. samnemenda,
- að þekkja að listasögu er skipt í tímabil, stefnur og stíla frá upphafi til okkar daga,
- að fá kynningu á listamönnum sem tengja má við ákveðnar stefnur,
- að verða meðvituð um hvernig alls konar dót sem aðrir henda getur orðið uppspretta listsköpunar,
- að vera opin fyrir góðum hugmyndum og geta beint þeim í þann farveg að þær verði kveikja að nýju verki,
- að geta gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum.

Grunnþættirnir læsi, sköpun, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði, velferð og jafnrétti fléttast inn í markmiðin. Dæmi: Sjálfbærni tengist því hvernig nemendur eru hvattir til að nýta alls kyns efnivið sem aðrir henda, jafnrétti fléttast inn í að allir segja frá sínum verkum og taka þátt í að skoða annarra, öll verk eru jöfn. Læsi kemur inn í allt saman s.s. að þekkja grunnformin, vera læs á skugga, liti, form, myndbyggingu og þess háttar.

Kennsluhættir

Samþætting við bekkjakennslu og á milli list- og verkgreina. Útikennsla, tenging við umhverfið, fjölbreytt sköpun á ýmsum sviðum. Farið á listviðburði eftir því sem við á, eins og til dæmis Menningarviku í Grindavík.